

Fundur skólaráðs Grunnskólans í Þorlákshöfn
haldinn 11. mars 2024 kl. 14:30

Mættir: Oliver Þór Stefánsson fulltrúi nemenda 10.bekk, Magnús Elfar Thorlacius fulltrúi foreldra, Jónína Magnúsdóttir skólastjóri og Ragnhildur Þorsteinsdóttir aðstoðarskólastjóri. Nemendaráð: Sólveig Grétarsdóttir, Jara Björg Gilbertsdóttir, Rúnar Gauti Gíslason, Arna Dögg Sturludóttir kennari sem stýrir nemendaráði.

Skólastjóri bauð alla velkomna. Gengið til dagskrár.

1. Niðurstöður skólaþings nemenda 24. janúar 2024.
Ragnhildur fór yfir helstu niðurstöður skólaþings.

Helstu niðurstöður úr 1.- 4. bekk.

Styrkleikar skólans: Íþróttir, frímínútur, myndmennt, kennarar og maturinn.

Hvað má bæta í skólanum: Meiri hvíld, fleiri frímínútur, fleiri íþróttatíma, fleiri kósý staðir eins og sófar.

Ein ósk fyrir skólann: Lengri frímínútur, styttri skóladag, trampólín, allir væru góðir vinir, meiri listasmiðja.

Um hvað fjallar Barnasáttmálinn? Börn eiga rétt á að fara í skóla, börn eiga rétt á húsnæði, börn eiga rétt á öryggi og mat.

Helstu niðurstöður úr 5.-7.bekk.

Styrkleikar skólans: Íþróttir, frímínútur, heimilisfræði, myndmennt, valsmiðjur

Hvað má bæta í skólanum: Lengri frímínútur, maturinn, byrja skólann kl. 8:30, allir fá sínar eigin Chromebook.

Ein ósk fyrir skólann: Tvöfaldur íþróttatími, byrja skólann seinna, fá aparólu, fleiri leiktæki úti.

Hvað geta nemendur gert til að bæta skólann okkar? Ganga vel um skólann og fara eftir reglum, hlusta á kennara, vera jákvæðari.

Um hvað fjallar Barnasáttmálinn? Börn eiga rétt á öryggi, sömu réttindi, fá rétt að hitta báða foreldra, að ganga í skóla, segja skoðun sína.

Annað: Fleiri sófa í skólann, fúsball borð,

Helstu niðurstöður úr 8.-10.bekk

Styrkleikar skólans: Góðir kennarar, góður matur og húsnæði, aðgangur að okkar eigin tölvum, bókasafnið.

Hvað má bæta í skólanum: Fjölbreyttara nám, betri útskýringar og upplýsingar frá kennurum, færri próf fleiri verkefni, meira verklegt.

Hvað geta foreldrar gert til að bæta skólastarfið? Hittast saman, bekkjarkvöld, fylgjast meira með námi barna sinna, sýna þeim áhuga, tjá sig í foreldraviðtölum.

Hvað geta nemendur gert til að bæta skólastarfið? Gengið vel um, leggja meira á sig, fylgt reglum skólans, hlusta á kennara, koma vel fram og sýna metnað.

Hvað annað væri hægt að gera í löngu frímínútum? Spila, ping pong, leikir, tala saman, minni símanotkun, fara meira út.

Símafrí í 11:00 frímínútum: Ekki símalaust fyrr en það verði meira að gera og laga félagsskapinn hjá krökkunum.

Ein ósk fyrir skólann: Fleiri sófa, byrja seinna, betri ávexti, fleiri kósý staði.

Um hvað fjallar Barnasáttmálinn? Öll börn hafa sömu réttindi, rétt á skólagöngu, öryggi og að öll börn eru jöfn.

Annað: Sleppa símum, matartími væri fyrr, fleiri kósý staði,

Á eftir kynningunni kom umræða um umgengni og nemendur ræddu um að það þyrfti að hafa ávexti ekki blandaða saman í boxinu. Umræða um tvöfaldan íþróttatíma.

2. Skóladagatal næsta skólaárs 2024-2025. Jónína sýndi þrjár mismunandi tillögur sem eru í vinnslu. Framundan er að taka skóladagatalið fyrir á stigsfundi og svo til samþykktar á starfsmannafundi.
3. Önnur mál
 - Jónína sagði frá því að framundan hjá sveitarfélaginu er að koma á fót nefnd vegna fyrirhugaðrar viðbyggingar við skólann. Hugmynd er að tengja saman skólann og íþróttahúsið.

Ábendingar frá nemendaráði um ýmislegt sem betur má fara sem tengist skólastarfinu og ýmsar hugmyndir sem liggja fyrir. Arna Dögg kynnti þessi punkta.

Ábendingar frá nemendaráði á skólaráðsfundi í mars 2024

- Lengri skíðaferð, jafnvel tvær nætur
- Ónægja með að matur er of oft búinn þegar unglíngadeildin mætir í mat.
- Internetið stundum leiðinlegt.
- Góð þjónusta með tölvur nemenda.
- Opið í íþróttahúsi í löngu frímínútum mánud., miðvikud., og föstudaga. Nemendur hafa fengið seint ef nokkrar mínútur vantar uppá. Kennarar þurfa að samræma sig.

Nemendaráð:

- Þemavika fyrir jól- náttfatadagur, Hawaidagur, treyjudagur, sparifatadagur, jólpeysudagur
- Búningakeppni á Öskudaginn

Hugmyndir sem liggja fyrir:

- Til stendur að hafa bingó fyrir páska
- Litadagar
- Þemadagar
- Starfskynningar- fá aðila til að koma og kynna starfið sitt
- Horfa á bíómynd

Umræða skapaðist um þessa punkta

Ekki fleiri mál á dagskrá, fundi slitið.
Ragnhildur Þorsteinsdóttir, fundarritari